

Þriðjudaginn 19. janúar 1982.

Nr. 182/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vara-
ríkissaksóknari)

gegn

Lúðvík Per Jónassyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Héraðsdóm kvað upp Benedikt Þórðarson, fulltrúi saka-
dómarans í ávana- og fíkniefnamálum.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með
stefnu 22. desember 1978, og er máli einnig áfrýjað af hálfu
ákærvalds til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 5. maí
1981.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að stað-
festa úrlausn hans um sakfellingu vegna ákæruefna á hend-
ur ákærða. Eru brot hans réttilega færð til refsíákvæða, en
þó ber um II. ákærulið að vísa að auki til auglýsingar nr.
425/1974 og auglýsingar nr. 230/1976, en til síðargreindu
auglýsingarinnar um III. ákærulið, sbr. nú auglýsingu nr.
293/1978. Brotastarfsemi ákærða, sem fólgin er í innflutn-
ingi fíkniefna og dreifingu, tók yfir nokkurt tímabil, og átti
innflutningur fíkniefnanna rót að rekja til sammæla ákærða
og nokkurra nafngreindra manna. Var magn innfluttra efna
allmikið, og þar á meðal var kókaín. Brot sín framdi ákærði
í hagnaðarskyni. Refsingu ber að ákvarða með vísan til 77.
gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir hún hæfi-
lega ákveðin fangelsi 7 mánuði, en til frádráttar komi gæslu-
varðhaldsvist ákærða í 13 daga. Þá sæti ákærði enn fremur
7.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 60 daga
fangelsi, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu
dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknar-laun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Lúðvík Per Jónasson, sæti 7 mánaða fangelsi, en til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans í 13 daga. Þá sæti hann enn fremur 7.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 60 daga fangelsi, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Atkvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 17. ágúst 1978.

SAKAREFNID.

Ofangreint mál var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útg. 4. nóvember 1977, gegn Lúðvík Per Jónassyni vélstjóra, Tryggvagötu 14 A, Selfossi, fæddum 16. febrúar 1948 í Vestmannaeyjum, fyrir eftirgreind brot á lögum um ávana- og fíkniefni:

„I.

Í júlí/ágúst 1976 tekið við 200 gr af hassi af Eggert Sigurðssyni að heimili sínu í því skyni að selja efnið í Bandaríkjunum fyrir nefndan Eggert og Ásgeir Kristófer Ásgeirsson. Flutt efnið til Bandaríkjanna með m/s Brúarfossi, en ákærði var þá vélstjóri á skipinu, og selt þar 30 gr af efninu fyrir 7 bandaríkjadali hvert gramm og neytt sjálfur um 20 gr af því. Afgang efnisins flutti ákærði síðan með sér hingað til lands með skipinu og afhenti það nefndum Ásgeiri Kristófer á Selfossi ásamt um 180 bandaríkjadölum af andvirði hins selda hassefnis.

II.

Hinn 1. desember 1976 í Rotterdam tekið við 2.5 kg af hassi, 30 gr af amfetamíndufti og 10 gr af kókaíni úr höndum Eggerts Sigurðssonar og Ásgeirs Kristófers Ásgeirssonar og flutt öll efnin hingað til lands fyrir þá félag, falin í vélarúmi m/s Grundarfoss, en ákærði var þá 3. vélstjóri á skipinu. Nokkrum dögum síðar afhent nefndum Eggert öll efnin að Blönduhlíð 9 í Reykjavík og á sama tíma tekið við sem sinni eign 500 gr af hassinu, a. m. k. 4.5 gr af amfetamínduftinu og a. m. k. 1.5 gr af kókaíninu, en fyrirfram hafði ákærði samið um það við nefnda Eggert og Ásgeir Kristófer, að í sinn hlut kæmu 15% af þeim efnunum, sem hann flytti hingað til lands fyrir þá, og auk þess hafði ákærði lagt þeim til sem svarar kr. 47.000 eða 57.000 til kaupa á fíkniefnum. Í seinni hluta desember að Barmahlíð 50 í Reykjavík selt Sighvati Borgari Hafsteinssyni 100—160 gr af hassi á kr. 1.200 hvert gramm, a. m. k. 1.8 gr af amfetamíndufti á kr. 12—14.000 hvert gramm, og a. m. k. 0.2 gr af kókaíni á kr. 12—15.000 hvert gramm. Um sama leyti selt Eiríki Erni Stefánssyni og Vilhjálmi Gunnarssyni 200 gr af hassi um borð í m/s Grundarfossi í Reykjavíkurhöfn á kr. 1.200 hvert gramm og jafnframt ítrekað gefið Kristni Sigtryggssyni af öllum efnunum og neytt þeirra sjálfur.

III.

Hinn 19. febrúar 1977 í Rotterdam tekið við um 2.5 kg af hassi og um 35 gr af amfetamíndufti úr höndum Eggerts Sigurðssonar og stuttu síðar flutt efnin frá Antwerpen hingað til lands, falin í vélarúmi m/s Grundarfoss. Skömmu eftir heimkomu um mánaðamót febrúar/mars afhent nefndum Eggert og Ásgeiri Kristófer Ásgeirssyni efnin heima hjá sér og þá jafnframt tekið við rúmlega 600 gr af hassi og um 4 gr af amfetamíndufti úr höndum þeirra féлага sem greiðslu fyrir flutning efnanna hingað til lands. Nokkru síðar selt Vilhjálmi Gunnarssyni allt að 50 gr heima hjá sér á kr. 1.200 hvert gramm, selt Eiríki Erni Stefánssyni um 40 gr að Goðheimum 23 í Reykjavík á kr. 1.300 hvert gramm og þá jafnframt gefið Eiríki Erni um 0.5 gr af amfetamíndufti, selt Árna Frímanni Jónssyni 20 gr af hassi heima hjá sér fyrir kr. 25.000 og enn fremur margsinnis gefið Kristni Sigtryggssyni af báðum efnunum og neytt þeirra sjálfur, en hinn 15. apríl 1977 lagði lögreglan hald á um 224 gr. af hassi og tæp 3 gr af amfetamíndufti á heimili ákærða.

Framangreind brot ákærða teljast varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. auglýsingu nr. 425/1974 og auglýsingu nr. 230/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku samkvæmt 5. gr nefndra laga nr. 65/1974 á 224 gr af hassi, tæpum 3 gr af amfetamíndufti og þeim hluta andvirðis seldra fíkniefna í eigu ákærða, kr. 140.000, sem hald var lagt á 26. apríl 1977.“

Ákæran var birt ákærða í dómi 21. júlí 1978 og þá þegar honum að ósk skipaður verjandi, Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður. Vörn bar að skila 15. ágúst sl. Þann dag var skriflegri vörn skilað, og gerði verjandi þar eftirfarandi dómkröfur:

- a) Að ákærði yrði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og allur sakarkostnaður lagður á ríkissjóð, þar með talin hæfileg réttargæslu- og málsvarnarlaun.
- b) En til vara, að ákærði yrði látinn sæta mildustu refsingu, sem lög frekast heimila, en þá gert að greiða sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun. Varðandi kröfu þessa var einkum átt við skilorðsbindingu varðhalds- eða fangelsisdóms.

Var málið síðan dómtekið.

MÁLAVAXTALÝSING.

Verða nú raktir málavextir í sömu röð og í stefnu er gert:

I.

Upphaf máls þessa er það, að ákærði kynntist bandarísku fólki í Norfolk og Cambridge á ferðum sínum sem vélstjóri á m/s Brúarfossi. Hafði fólk þetta gefið honum marihuana að reykja og jafnframt spurt, hvort hann gæti útvegað hass. Kveðst ákærði hafa lofað að athuga málið. Færði hann þetta í tal við vin sinn Eggert Sigurðsson, sennilega í júní 1976, en þá var Brúarfoss staddur í Reykjavíkurhöfn, og hafði Eggert komið um borð til fundar við ákærða ásamt Ásgeiri Kristófer Ásgeirssyni. Kveðst ákærði hafa spurt greinda aðilja, hvort þeir gætu útvegað hass-efni á Bandaríkjamarkað, og þeir ákveðið að kanna það mál. Næst þegar Brúarfoss svo kom til Reykjavíkur, hafi Eggert fengið ákærða 200 gr af Líbanonhassi. Ákærði mun ekki hafa greitt

fyrir efnið, en umsamið var, að hann skilaði 6 dölum fyrir hvert gramm, þegar hann kæmi næst til Íslands.

Hugðist hann selja grammið á 7 dali og hljóta þannig 1 dal í sölulaun, en þegar til kom, gat hann ekki selt efnið á þessu verði. Tókst honum aðeins að losna við 30 gr á 7 dali grammið, en sjálfur reykti hann af efninu ein tuttugu grömm í túrnum.

Afgang efnis og ca 180 dali af andvirði hins selda hassefnis afhenti hann Ásgeiri Kristófer á Selfossi eftir túrinn, þar eð Eggert var á báti í Norðursjónum, en áður höfðu þeir þremmingarnir ráðgert og rætt smygl fíkniefna frá Hollandi, þótt ekkert hafi verið endanlega afráðið í þeim efnunum.

II.

Í nóvemberlok 1976 heldur ákærði í ferð með Grundarfossi til Rotterdam, en áður hafði verið ákveðið, að Ásgeir og Eggert héldu til Hollands og keyptu þar fíkniefni, sem ákærði flytti svo heim. Kveðst ákærði hafa lagt þeim til kr. 47.000 eða 57.000 til efniskaupa, en á þessu stigi málsins hafði ekki verið ákveðið hvers konar efni yrðu keypt, en ákærði mun hafa haft mestan áhuga á hassefnum. Áður en lagt var upp í ferðina, segir ákærði, að hann hafi verið búinn að semja við Eggert um 20% af heimfluttu efni í sinn hlut, en við móttöku efnis á Pax hóteli í Rotterdam hafi Ásgeiri tekist að ná þessari prósentu niður í 15 af hundraði. Segist ákærði hafa mótttekið allt efnið í plastpoka, hassefnið í strigaumbúðum og plastpoka þar utan um, en speed og kókaín í sínum plastpokanum hvort. Hafi þókar þessir verið frekar litlir með lás í opi, sem lokaði pokunum, sennilega loftþéttir. Telur ákærði hassið hafa verið 2½ kg, speedið 30 gr og hafi það verið kristallað, líkt og salt, en kókaínið hafi verið 10 gr, fín malað og hvítt.

Kveðst ákærði hafa borið efnin um borð í plastpokanum, falið hann í sanddós á verkstæði í vélarúmi skipsins og ekki hreyft við efninu fyrr en eftir komu til Reykjavíkur.

Ákærði segist hafa tekið fyrstu vakt um borð, þegar til Reykjavíkur kom, en að henni lokinni haldið með efnin heim til Eggerts í Blönduhlíð 9, hafandi áður haft samband símleiðis boðandi komu sína. Þar hafi efnum verið skipt, og kveðst ákærði hafa fengið í sinn hlut um 500 gr af hassi, a. m. k. 4.5 gr af speedi og ca 1.5 gr af kókaíni. Að lokinni skiptingu efna á heimili Eggerts, kveðst ákærði hafa haldið heim á Selfoss og komið efnunum fyrir í geymslu á heimili sínu. Hafi hann síðan sett sig í sam-

band við væntanlega kaupendur og selt þremur aðiljum nafngreindum talsvert magn, auk þess sem hann reykti nokkurt magn sjálfur ásamt kunningja sínum Kristni Sigtryggssyni, en honum gaf hann jafnframt 30 gr af hassi og eitthvað af speedi og kókaíni, áður en ákærði hélt aftur á sjóinn. Hafi hann þannig verið búinn að ráðstafa mestum hluta efna, áður en hann hélt utan, en þó haldið eftir efni til eigin neyslu í túrnum, sem stóð yfir í mánaðartíma.

Sighvatur Borgar Hafsteinsson var einn af þremur ofangreindum kaupendum, og mun hann hafa fengið hjá ákærða 100 gr af hassi, eitthvað af speedi og lítilræði af kókaíni. Afhending fór fram á heimili Sighvats að Barmahlíð 50, Reykjavík, og kom ákærði þangað með efnin. Segist ákærði hafa komist í kynni við Sighvat fyrir tilstilli Kristins Sigtryggssonar, en Kristinn hafði unnið með honum við Sigöldu sumarið áður. Viðskipti þessi munu hafa átt sér stað seinni hluta desember 1976, en að þeim loknum kveðst ákærði hafa haldið austur á Selfoss, þar vigtað 200 gr af hassi til Eiríks Stefánssonar og Vilhjálm Gunnarssonar og haldið daginn eftir með efnið til Reykjavíkur, hafandi mælt sér mót við greinda aðilja um borð í Grundarfossi, en ákærði átti vakt síðdegis þennan dag. Segir ákærði þá hafa komið um borð og mótttekið efnið gegn staðgreiðslu, sem var kr. 240.000.

III.

12. janúar 1977 kveðst ákærði hafa komið til Reykjavíkur úr jólatúr með Grundarfossi og hitt Eggert þar. Hafi verið ákveðið, að Eggert færi við annan mann til Hollands að kaupa fíkniefni og ákærði tæki við þeim á Pax hóteli í Rotterdam, þegar Grundarfoss kæmi þangað næst. Ekkert var ákveðið fyrirfram um efnismagn eða um hlut ákærða fyrir flutninginn, en hann lagði ekkert fé til kaupa að þessu sinni. Segist ákærði hafa hringt frá Antwerpen á ofangreint hótél 19. febrúar til að kanna, hvort Eggert væri mættur, en í Antwerpen hafi skipið verið affermt og lestað vegna verkfalla í Rotterdam. Mun ákærði síðan hafa farið með lest til Rotterdam til fundar við Eggert og mótttekið þar 3.5 kg af hassi og 35 gr af speedi. Hafi hassið verið í 7 plötum og aðeins ein átekin, en speedið í plastpoka, heldur minni en um var að ræða í fyrri ferð, en með sams konar lokubúnaði. Segir ákærði, að við afhendingu efna hafi verið samið um flutningsþóknun honum til handa, og skyldi hann hljóta 17½% af

efnismagni. Kveðst ákærði hafa falið efnin undir hillu við verkstæðisdýr í vélarúmi og geymt þau þar á leiðinni heim, en er til Íslands kom, segist hann hafa tekið efnin og flutt þau upp í klefa sinn, þar sem þau hafi verið, þar til eiginkona hans kom og sótti hann, áður en skipið lét úr höfn. Hafi hann haldið með efnin austur á Selfoss, en um kvöldið komu þeir þangað félagarnir Eggert og Ásgeir og sóttu efnin. Ákærði kveðst hafa fengið í sinn hlut rúmlega 600 gr af hassi og 4 gr af speedi fyrir flutning efnanna.

Mun hann hafa af hassinu selt Vilhjálmi Gunnarssyni 20 gr á 1.200 kr. grammið, Árna Frímanni Jónssyni 20 gr á kr. 25.000 og Eiríki Erni Stefánssyni 42 gr á 1.300 kr. grammið. Þá kveðst ákærði sem fyrr hafa gefið vini sínum Kristni Sigtryggssyni óspart að reykja og sniffa af efni því, sem hann hafði yfir að ráða. Segist hann ekki hafa lagt neina sérstaka áherslu á að koma hassefninu út í fríi því, sem hann tók sér eftir ofangreindan tús, og því átt eftir talsvert efnismagn, þegar hann var handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald 13. apríl 1977, eða rúmlega 400 gr.

Eiginkona ákærða mun hins vegar hafa selt Árna Frímanni Jónssyni líðlega 170 gr, eftir að ákærði hélt utan á ný, og eitt hvað lítilræði gefið kunningjum, en 15. apríl 1977 afhenti hún starfsmönnum ávana- og fíkniefnadeildar á heimili sínu að Tryggvagötu 14 A, Selfossi, 224 gr af hassi og tæplega 3 gr af speedi, sem falið var í frystikistu, en lögreglan hafði haft fregnir af efni þessu og áður leitað þess allrækilega á heimili ákærða og víðar á Selfossi án árangurs. Var lagt hald á greind efni. Skömmu síðar, eða 26. apríl 1977, afhenti eiginkona ákærða svo sömu aðiljum á skrifstofu fíkniefnadeildar kr. 140.000, sem hún kvað vera söluandvirði hassefna í eigu ákærða.

NIÐURSTÖÐUR.

Í ákæruskjali er ákærði saksóttur fyrir að hafa:

- 1) Í júlí/ágúst 1976 tekið við 200 gr af hassi af Eggert Sigurðssyni að heimili sínu í því skyni að selja efnið í Bandaríkjunum.
- 2) Hinn 1. desember 1976 í Rotterdam tekið við 2.5 kg af hassi, 30 gr af amfetamíndufti og 10 gr af kókaini úr höndum Eggerts Sigurðssonar og Ásgeirs Kristófers Ásgeirssonar og flutt öll efnin hingað til lands fyrir þá féлага,

falin í vélarúmi m/s Grundarfoss, en ákærði var þá 3. vélstjóri á skipinu. Nokkrum dögum síðar afhent nefndum Eggert öll efnin að Blönduhlíð 9 í Reykjavík og á sama tíma tekið við sem sinni eign 500 gr af hassinu, a. m. k. 4.5 gr af amfetamíninu og a. m. k. 1.5 gr af kókaininu, en fyrirfram hafði ákærði samið um það við nefnda Eggert og Ásgeir Kristófer, að í sinn hlut kæmu 15% af þeim efnum, sem hann flytti hingað til lands fyrir þá, og auk þess hafði ákærði lagt þeim til sem svarar kr. 47.000 eða 57.000 til kaupa á fíkniefnum. Ákærði seldi síðan þremur nafngreindum aðiljum af efnum, auk þess sem hann gaf nokkuð og neytti talsvert sjálfur.

- 3) Hinn 19. febrúar 1977 í Rotterdam tekið við um 2.5 kg af hassi og um 35 gr af amfetamíndufti úr höndum Eggerts Sigurðssonar og stuttu síðar flutt efnin frá Antwerpen hingað til lands, falin í vélarúmi m/s Grundarfoss. Skömmu eftir heimkomu um mánaðamót febrúar/mars afhent nefndum Eggert og Ásgeir Kristófer efnin heima hjá sér og þá jafnframt tekið við rúmlega 600 gr af hassi og um 4 gr af amfetamíndufti úr höndum þeirra félaga sem greiðslu fyrir flutning efnanna hingað til lands. Ákærði seldi nokkru síðar þremur nafngreindum aðiljum af efnunum og neytti þeirra einnig sjálfur og gaf með sér kunningja.

Ákæruskjalið er byggt á játningu ákærða og framburðum Eggerts Sigurðssonar og Ásgeirs Kristófers Ásgeirssonar svo og skýrslum kaupenda af ákærða, og má segja, að skýrslur þessar séu samhljóða í öllum meginatriðum.

Samkvæmt greindum gögnum verður að telja fullsannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem rakin er í ákæruskjali. Bæði Eggert og Ásgeir Kristófer bera, að ákærði hafi fengið hjá þeim 200 gr af hassi til sölu í Bandaríkjunum. Mun hann hafa reynt sölu þar, en efnið verið of dýrt og hann því aðeins selt 30 gr, neytt 20 gr og skilað Ásgeiri Kristófer aftur 150 gr. Segja þeir, að umræður hafi hafist í framhaldi af þessu þeirra í millum þess efnis, að ákærði tæki að sér flutning fyrir þá gegn þóknun í efni, er heim var komið. Segja þeir ákærða tvívegis hafa flutt fyrir sig efni til Íslands. Hafi þeir í bæði skiptin mælt sér mót á Hótel Pax í Rotterdam, ákærði þangað komið og nálgæst efnin. Eru skýrslur þeirra félaganna í fyllsta samræmi við ákæruskjal að öðru leyti en því, að í seinni ferðinni segja þeir ákærða hafa mótttekið 3½ kg af hassi, en í ákæruskjali er

ákærða aðeins gefið að sök að hafa í febrúar 1977 flutt til Íslands 2½ kg. Ákærði kveður einnig magn hafa verið 3½ kg. Þrátt fyrir framburð allra hlutaðeigandi þykir ekki annað fært við ákvörðun refsingar en leggja til grundvallar magn tilgreint í ákæruskjali, og verða mistök þessi ákærða því til hagsbóta.

Samkvæmt þessu telst hann því hafa flutt til landsins samtals 5 kg af hassi, 65 gr af amfetamíni (speedi) og 10 gr af kókaíni. Fyrir flutning fékk ákærði í sinn hlut 1100 gr af hassi, a. m. k. 8.5 gr af amfetamíni og a. m. k. 1.5 gr af kókaíni.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa selt hérlandis fjórum aðiljum nafngreindum af ofangreindu hassmagni. Segir hann Vilhjálm Gunnarsson hafa fengið samtals tæplega 150 gr, Eirík Örn Stefánsson 140 gr, Sighvat Borgar Hafsteinsson 100 gr og Árna Frímann Jónsson 20 gr. Söluverð tilgreindra kaupenda mun hafa verið 12—1.300 kr. grammið. Eiríkur Örn Stefánsson fékk jafnframt gefins 0.5 gr af amfetamíndufti eftir seinni ferðina, og Sighvatur Borgar Hafsteinsson keypti einnig auk hassins a. m. k. 1.8 gr af amfetamíndufti á kr. 12—14.000 hvert gramm og a. m. k. 0.2 gr af kókaíni á kr. 12—15.000 grammið. Kaupendur þessir hafa allir gefið skýrslu og staðfest ofangreind viðskipti við ákærða.

Samkvæmt vottorði ríkissaksóknara hefur ákærði ekki áður gerst brotlegur við ákvæði laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974. Verður að meta þetta ákærða til málsbóta sem og þá staðreynd, að hann hefur ekki orðið uppvís að fíkniefnabrotum, eftir að atvik þau gerðust, sem hér eru til úrlausnar.

Hins vegar hefur ákærði framið mjög alvarlegt brot með ólöglegum innflutningi og dreifingu fíkniefna í miklum mæli og þannig unnið til refsingar fyrir þessa háttsemi sína, sem réttlæga er lýst í ákæruskjali og talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974 og auglýsingu nr. 230/1976.

Að öllu framanrituðu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði, og þar sem auðgunarsjónarmið réðu aðallega gerðum hans, og fyrir liggur, að hann hafði talsverðan hagnað af fíkniefnasölu, þykir rétt með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, að hann greiði einnig kr. 500.000 í sekt til ríkissjóðs, en 50 daga fangelsi komi í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærði sætti gæsluvarðhaldi dagana 13.—26. apríl 1977, og samkvæmt

76. gr. alm. hegningarlaga þykir rétt, að vist þessi, 13 dagar, komi refsingu hans til frádráttar.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til að sæta upptöku þeirra ávana- og fíkniefna, sem hald var lagt á 15. apríl 1977, samkvæmt 5. gr. laga nr. 65/1974. Með vísan til þess, er áður segir um magn efna, skulu upptæk ríkissjóði til handa 224 gr af hassi og tæp 3 gr af amfetamínufti. Einnig er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til að sæta upptöku á kr. 140.000, sem hald var á lagt 26. apríl 1977, samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Fullsannað þykir, að fjárhæð þessi sé andvirði seldra fíkniefna í eigu ákærða, og skal hún því upptæk gerð ríkissjóði til handa.

Samkvæmt 141. gr., sbr. 142. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna, kr. 50.000, til skipaðs verjanda hans, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans.

Dómsorð:

Ákærði, Lúðvík Per Jónasson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans í 13 daga. Hann greiði einnig kr. 500.000 sekt til ríkissjóðs, og komi 50 daga fangelsi í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptæk skulu ríkissjóði til handa 224 gr af hassi, tæp 3 gr af amfetamínufti og kr. 140.000.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans.
